



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 31

Október 1990

### HAUSTFUNDUR

Félagsfundur verður haldinn að Hótel Lind,  
Rauðarárstíg þriðjudaginn 23. október 1990,  
kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Framhlaup jökla. *Helgi Björnsson.*
2. Kaffi.
3. Skíðagönguferð Snæfell - Húsafell.  
*Hilmar Már Aðalsteinsson sýnir myndir og segir frá.*

## HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 23. október 1990 að Hótel Lind við Rauðarárstíg. Þar mun Helgi Björnsson flytja fyrirlestur um framhlaup jökla. Erindi þetta er flutt nú af því tilefni að s.l. sumar sáust merki um að framhlaup gæti verið að hefjast í vestanverðum Vatnajökli. Í lok september hófust rannsóknir tengdar því með íssjármælingum á Síðujökli.

Við erum vön því að jöklar silist áfram en þó eru jöklar, sem eiga það til að taka á rás og hlaupa fram. Þeir hreyfast ekki nægilega hratt til þess að bera fram þann ís sem á þá safnast. Þess vegna hleðst ís upp á hájökulinn, hann verður stöðugt brattari og skerspennan við botn vex uns jökullinn hleypur fram með hraða sem er margfaldur venjulegur hraði jökulsins. Hlaupin geta staðið í nokkra mánuði og jökullinn gengið fram um mörg hundruð metra, jafnvel nokkra kílómetra. Í erindinu mun lýst framhlaupum hér á landi og erlendis og greint frá hugmyndum manna um orsakir þeirra.

Að afloknu kaffihléi verður myndasýning og frásögn af ferð sem þrír félagar úr Hjálpar sveit skáta í Reykjavík, Árni Alfreðsson, Hilmar Már Aðalsteinnsson og Karl Ingibergsson, fóru á gönguskiðum frá Snæfellsskála yfir Vatnajökul, Hofsjökul, Langjökul og enduðu við Húsafell í Borgarfirði. Ferðina fóru þeir síðast liðinn vetur 31. mars til 13. apríl.

## JÖKULHEIMAFERÐ 1990

Hin árlega haustferð JÖRFI var farin helgina 7.- 9. september. Farið var frá Guðmundi Jónassyni h.f. að vanda, hópinn taldi 23 með manni og málningu. Veður var frekar blautt og þar af leiðandi minna um áætlaða málningarvinnu. Í staðinn var hreinsað út úr bílageymslunni allt rusl, og þótti sumum nóg um og höfðu menn gaman af er einn bar út og annar inn. Einnig héldu sumir í gönguferðir. Gunnar Guðmundsson, Björn Indriðason og Magnús Már komu á truck til að ná í "Bombann" en hann á að fá smá yfirhalingu. Einnig mældu þeir félagar Tungnaárjökul sem reyndist hafa hopað rúma 60 m. Á laugardagskvöldinu kváðu menn upp raust sína með söng o. fl. skemmtihaldi. Sunnudagurinn rann upp með rigningu og var því haldið fyrr af stað heim. Ekið var um Veiðivatnasvæðið og í Þjórsárdal var Gjáin og bæjarrústirnar að Stöng skoðuð. \ÁG

## ÁRSHÁTÍÐ

Fertugsafmæli félagsins verður haldið hátíðlegt laugardaginn 3. nóvember n.k. í Áthugasal Hótel Sögu. Húsið opnar kl. 19 og hefst hátíðin með borðhaldi kl. 20. Miðar verða seldir hjá Ástvaldi Guðmundssyni (Valda rakara) Dalbraut 1 og hjá Jóni

Sveinssyni á Raunvísindastofnun (Tæknigarði) og kostar miðinn 3900 kr. Boðið verður upp á þríréttaða máltíð. Hátiðartrío Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur mun leika meðan á borðhaldi stendur, en hljómsveit Jónasar Þóris leikur hins vegar fyrir dansi til kl. 01 eftir miðnætti.

Félagar stöndum nú saman og hjálpumst við að gera hátíðina eftirminnilega og ánægjulega! Það gerum við best með því að fjölmenna og taka með okkur gesti. \ Skemmtinefnd.

## MÆLINGAFERÐ Á SÍÐUJÖKUL

Í ferðum til Grímsvatna s.l. sumar varð vart við fjölmargar örsmáar sprungur á svæðum þar sem venjulega sjást engar sprungur. Einnig varð vart við jarðskjálftaóróa, sem jarðskjálftafræðingar velta fyrir sér hvort geti tengst myndun sprungnanna. Sprungurnar gætu bent til þess að framhlaup væri að hefjast í Síðujökli og hugsanlega einnig í Tungnaárjökli. Þegar í lok september var gerður leiðangur á Síðujökul til íssjármælinga svo unnt væri að fá kort af yfirborði hans og botni. Kort af Tungnaárjökli hafa áður verið gerð. Fylgst mun með framvindu mála og frekari rannsóknir eru fyrirhugaðar. Nú er liðinn aldarfjórðungur frá síðasta framhlaupi Síðujökuls og 45 ár frá framhlaupi Tungnaárjökuls. \HB.

## VIÐGERÐAFERÐ Á GRÍMSFJALL

Þegar skipt var um glugga í gamla skálanum á Grímsfjalli 22. júlí s.l. þóldu mælitæki í skálanum ekki hamarshögg og barmbolt smiðanna, og urðu öll mælitæki nema jarðskjálftamælir óvirk. Því fóru þrír menn, Halldór Ólafsson, Jón Sveinsson og Karl Pálsson frá Raunvísindastofnun og Norrænu eldfjallastöðinni í viðgerðaleiðangur 22.-24. september 1990.

Við urðum samferða leiðangri Helga Björnssonar sem var að fara til íssjármælinga á Síðujökli. Ferðin til Jökulheima gekk seint eða rúma 12 tíma frá Reykjavík vegna nýafstaðins norðan áhlaups.

Snjór fór að tefja fyrir eftir að komið var fram hjá Vatnsfelli. Trailer frá Landsvirkjun komst langleiðina að Dreka en þar var breitt snjóhaft, en snjólítið eftir það. Búnaður var því selfluttur á jeppum inn að jökulrönd. Gist var í Jökulheimum aðfararnótt laugardagsins.

Laust eftir hádegi á laugardeginum var allur búnaður kominn að jökulrönd og lagt af stað á jökul. Neðsti hluti jökulsins var óvenju sléttur og greiðfær miðað við árstíma. Í 1200 m hæð skildu leiðir okkar og íssjárleiðangursins. Þá höfðum við fregnað að Ástvaldur og félagar væru komnir á Grímsfjall og væri skyggislaust frá Háubungu. Slóð þeirra var til að auðvelda okkur síðasta spölinn á fjallið.

Auðvelt reyndist að gera við tækjabilunina en plata hafði losnað í rafeindabúnaði hallamælis. Að liðnu hádegi á sunnudag var lagt af stað niður. Veður var einstaklega gott, norðangola, bjart og hiti rétt undir frostmarki. Við fórum að Pálsfjalli og tókum þar bergsýni til rannsóknna. Þaðan skrúppum við á Þórðarhyrnu, stoppuðum þar í stundarfjórðung og nutum stórfenglegs útsýnis. Að jökulrönd komum við um sexleytið á sunnudagskvöld. Þar urðum við fyrir því óhappi að bíll og kerra festust illa í aurbleytu við jökulröndina. Komið var myrkur þegar okkur loks tókst að losa bílinn og tókum við ekki þá áhættu að reyna að fara yfir Tungnaána í myrkri og einbíla. Við höfðum búist til svefns í bílnum þegar ljós lýstu upp umhverfið og Ástvaldur og félagar birtust, en þeir höfðu búist við okkur í Jökulheima um kvöldið og ákváðu að huga að okkur áður en þeir héldu áfram til Reykjavíkur. Þeir urðu því í annað sinn þessa helgi til að greiða ferð okkar. Við gistum því í Jökulheimum eins og áformað var og ókum til Reykjavíkur mánudaginn 24. september. \J.S.

## HLIÐARSPOR AF LEIÐinni JÖKULHEIMAR - VONARSKARÐ.

Laugardaginn 22. september síðastliðinn lögðum við, sex félagar á þremur túttubílum, upp frá Jökulheimum og var förinni heitið í Vonarskarð. Ferðaveður var hið besta, bjart og norðankul. Samferða okkur inn fyrir Skálabungu voru Helgi Björnsson og hans menn, en erindi þeirra var að mæla með íssjánni nokkrar línur á Tungnaár-, Síðu- og Skaftárjökulum vegna hugsanlegs framhlaups á því svæði. Við Fóstrufell skildu leiðir. Við héldum inn milli Jökulgrinda og Bláfjalla, en þeir hefðbundna leið á jökul.

Í Jökulgrindum nokkuð innarlega verður skarð, það eina sem orð er á gerandi og líkur voru á að fært væri bílum. Við Valdi höfðum áður rennt hýrum augum til skarðsins og velt því fyrir okkur hvort þarna væri ekki fært á jökul, ef svo færi að hin hefðbundna leið yrði ófær. Nú var tækifærið "Rétt að kíkja í skarðið" og félagarnir samþykktu (gerðu sér greinilega ekki grein fyrir því hverskonar fjallafalur voru í fremsta bílnum). Skarðið reyndist ágætt yfirferðar svo og jökulruðningurinn austan þess. Þá var það Tungnaá. Hún var eins og bæjarlækur enda lítil bráðnun á jökli, en það sem meir var um vert, þarna var gott undanfæri á löngum kafla með ánni og ekki að sjá á bökkum að hún verði mikil, enda skammt til efstu draga.

En nú freistaði jökullinn. Sléttur með aflíðandi halla, engar vatnsrásir sjáanlegar og fátt um drýli. Samþykkt var að "kíkja" svona rétt aðeins upp eftir honum, bara til að sjá yfir lónin hjá Kerlingum. Yfirborð jökulsins var þarna áþekkast stórri flugbraut og ójöfnur eftir því. Eftir örskamma stund vorum við komnir upp í þá hæð að vel sá yfir lónin, sem voru í það minnsta fjögur, en mikið bar í milli þess stærsta og hins minnsta. Svæðið er sýnilega áhugavert og margt þar að skoða. Á meðan við Valdi vorum að klöngrast yfir þrjár sprungur, sem voru þær einu sem við sáum þarna, *til þess að geta virt betur fyrir okkur krikann milli Kerlinganna*, héldu hinir áfram ofar sýnilega smitaðir af þessum "kíkingum" og létu ekki ferðinni fyrr en þeir voru komnir í rúmlega 1100 metra hæð austan við Kerlingu hina meiri. Þar voru þeir í sólbaði

Þegar við Valdi birtumst skömmu seinna. Nú var hádegismatur, en Birgir fann það út að þarna væri ákjósanlegur staður til þess að gera við "alternatorinn" í Bronco Sigmars og dunduðu þeir við það í matarhléinu. Að því lokni fóru þeir í "prufutúr" niður með Kerlingunni að norðan, en komu snarlega aftur með þær upplýsingar að í hvarfi væru stórar sprungur og að "alternatorinn" hefði sýnilega móðgast verulega því "hann hefði snúið í þá bakinu alla leiðina og ekkert lagt til málanna".

Þarna var færi gott markaði varla fyrir hjóli "Glóbjart" langt austur jökul og Grímsvetningum því tíðlitið í þá áttina. Þeir urðu því fljótt sammála um það "að þetta væru rakin óveðursský, sem væru að hrannast upp í áttina að Vonarskarði og ekkert nema bölvuð fýla þar. Aftur á móti væri eilíf sól á Grímsfjalli". Einn efasemdarmaður (eða kanski bara varkárari en hinir) benti á mikinn skýjarbakka á Háubungu, en var snarlega kveðinn í kútinn með því "að þetta væri bara á Háubungu, en handan við hana væri örugglega bjart" og svo var slegið í. Hraðinn var á milli 50 og 80 km/klst. og tilveran eins og hún getur aðeins verið á jökli. Við nálgumst skýjarbakkann óðfluga og brátt var skyggnið orðið 0 og um leið þyngdist færðin. Þá tók við loran keyrsla með allskonar tölum úr í það minnsta þremur bókum, sem stundum bar saman og stundum ekki. Þeim bar saman við Vestari Hnjúkinn, en hann bara sást ekki. Þá var það næsti áfangi, milli Katlanna og Brúnarinnar. Þar var valinn punktur sem er nær Kötulunum, en þótt fimm hafi komist upp með það að fara fram af Brúninni án þess að fá vængi þá þótti okkur ekki rétt að taka áhættuna og létti því þegar við sáum Katlana skammt sunnan við okkur. Úr þessu var greið leið að skálanum.

Þegar á Fjallið var komið benti sá varkári hógvært á að "ekki væri bjart fyrir handan" eins og honum hefði verið tjáð við Kerlingar. Honum var í snarhasti bent á að enginn okkar hefði enn sem komið væri hinn minnsta áhuga á að vera fyrir handan og skipti því lítt hvernig veður væri þar.

Aðkoman að skálanum var góð. Hlýtt og þurrt inni, 9 °C hiti í þeim nýrri, en 7,5 °C í þeim gamla, en þriggja stiga frost úti. Allt annað var að koma í gamla skála en áður var. Þurrt og gott loft inni svo sýnilegt er að aðgerðin í sumar leið hefur heppnast vonum framar.

Um kvöldmatarleiðið bættust svo þrír félagar í hótinn til þess að gera við sendistöðina í gamla skála, en hún hafði "misst málið" þegar skipt var um glugga í skálanum í sumar. Þeir gengu strax til verka, en við létum fara vel um okkur. Birgir tók til við "alternatorinn" á ný og með aðstoð mælitækis frá Jóni Sveinssyni kom í ljós að vafningur var farinn. Ekkert mál sagði Birgir og lóðaður og kíttaður upp sagði "alternatorinn" það sama og varð á svipstundu betri en nýr. Kvöldið leið svo undur fljótt við gítarspil og Megasarsöng Birgis, ásamt mjúkum veigum.

Þegar menn vöknudu að morgni við ljúfan kaffilm frá uppáhellingu Valda var komið sólskyn og fjallasýn, en þoka í átt til Háubungu. Hún sveif að okkur og klukkan

ellefu, þegar lagt var af stað niður, sá ekki út úr augum. Viðgerðarmenn urðu eftir til þess að ljúka sínu verki, en við stöldrúðum við hjá Saltaranum og íhuguðum þann möguleika að halda austur af. Úr því varð þó ekki þótt margt mælti með og var því lullað í slóðinni verstur fyrir Háubungu. Þar var enn "Glóbjart" og færið orðið sem fyrr.

Okkur var litið til Þórðarhyrnu og sáum þá á öxlinni eitthvað sem fróðir menn könnuðust ekki við að ætti þar heima. Við nánari skoðun kom í ljós að þetta var hinn nýi snjóbíll Landsvirkjunnar "Uxi einn" undir stjórn Hannesar Haraldssonar og þá restin af leiðangri Helga einhvers staðar nærri. Því var tekin 90° beygja og ekið á áttatíu suður úr. Tuttugu mínútum síðar vorum við Valdi á öxlinni hjá leiðangursmönnum, en félagar okkar voru hreyfingarlausir langt úti á jökli. Leiðangursmönnum hafði gengið vel og voru þarna í matarhléi. Við Valdi ásamt Hannesi og Helga gengum svo á hyrnuna sjálfa, en þaðan er stórfenglegt útsýni. Næst okkur Nibba og Borgir þá Grænafjall og Grænalón og sáum við mjög vel hið hrikalega útfall þess við Skeiðarárjökulinn, Súlutindar, Eystrafjall, Núpsárdalur, Björninn og Bjarnarsker, bæði Bergvatnsáa hraunin, Geirvörtur, Eldgígur, Hágöngur og Pálsfjall, að ógleymdri fjallasýninni, Svíahnjúkur eystri í norðaustri, Örafajökull, Mýrdals-, Eyjafjalla-, Tindfjalla- og Torfajöklar og lengst í vestri Hekla.

Við kvöddum og héldum aftur norður til félaganna, sem voru að ljúka við að rafsjóða saman stútinn í hægra framhjólí "Broncósins", en hann hafði brotnað skömmu eftir að við héldum á Þórðarhyrnu. Aftur var haldið suður á við og staðnæmst hjá Pálsfjalli. Þar hefur jökullinn lækkað verulega síðastliðin fimmtán ár. Þar sem áður var auðgengt á fjallið er nú orðið vandkvæðum bundið og hamrarnir að suðvestanverðu verulega hærri, en ennþá fallegri. Skálin í kringum fjallið virðist svipuð að dýpt, en ekkert lón var þar. Nú var farið að halla degi svo að við komum okkur norður á slóðina frá deginum áður. Þar var ákveðið að "kíkja" enn einu sinni og nú norður á Hamarinn. Þangað var ekið í stórum sveig til þess að forðast sprungubelti sem nær frá Hamrinum sunnan verðum alllangt til austurs. Á þeirri leið sáum við dökkann díl á annars rennisléttum jöklinum. Þegar nær kom hófst þessi díll á loft og flaug með rólegum en kraftmiklum vængjatökum í átt að Sylgjujökli. Þegar virðulegri fjarlægð var náð settist fálkinn aftur á jökulinn, en gaf okkur samt auga. Þetta var ungfugl sem sýnilega hefur fengið þá vissu í sængurgjöf að úr auðninni koma vitringarnir.

Af Hamrinum sást vel yfir Hamarskrikann. Hamarslónið hefur sýnilega minnkað verulega og Hvítalón er horfið. Ekkert sást til Sveðju í Leynidal, en það stafar eflaust af því hve kalt er í veðri. Sami skýjarbakkinn hvíldi yfir Ógöngum og Vonarskarði, en útsýni var mikið til vesturs. Nú sást vel hvað átt er við með hinni fornu munnmælasögu um Stórasjó þar sem getur um píramídalagað fjall við norður enda hans, því héðan séð er Kerling hin meiri píramídalögud og handan hennar í fjarska glampar á snævi þakka Tungnaárlægðina og sér engan mun á henni og Langasjó. Neðri hluti Köldukvíslarjökuls var þoku hulinn, en síðdegissólin roðaði Bárðarbungu.

Skaftársigin sáum við ekki, en einhver missmíð var á jöklinum nær okkur í átt til siganna. Missýning? Hver veit?.

Við ákváðum næst að kanna hvort fær leið væri niður Sylgjujökulinn og reyndist svo vera. Við ókum niður miðjan jökulinn og síðan suðvestur eftir sporðinum. Jökullinn var sléttur og greiðfær þarna með nokkrum grunnum vatnsrásum neðan til en fennt hafði í svo að þar var ekki farartálmi. Aftur á móti leist okkur ekkert á aurinn því hann var bleytulegur að sjá ofan af jökli. En reyndin var önnur því hann hefði haldið trukki á mjóum dekkjum hvar sem var á leið okkar niður að Jökulgrindum. Um það bil sem við vorum að komast á slóðina við Bláfjöllin fór stúturinn aftur á "Bronconum" og nú alveg af. Við þetta færðist Birgir allur á aukana. Heimtaði fimm sólgleraugu og þrjá rafgeyma til þess að sjóða með og sú suða hélt. Þá var klukkan rúmlega átta og komið myrkur. Að viðgerð lokinni var svo ekið í Jökulheima og matast.

Við áttum von á því að viðgerðarmenn væru komnir af Grímsfjalli, en svo var ekki. Því "kíktum" við inn að jökli í myrkrinu og hittum þá þar fyrir ný búna að ganga frá sínu hafurtestki og reiðubúna að halda í Jökulheima. Fylgdumst við að þangað, en þar skildu leiðir. Þeir ákváðu að gista, en við að halda í bæinn þótt nýr dagur væri að renna upp.

Þessi ferð var farin á tveimur Toyotum og einum Bronco jeppa og ferðafélagarnir voru Ástvaldur Guðmundsson, Birgir Brynjólfsson, Jón E. Ísdal, Magnús Björnsson, Sverrir Hilmarsson og Sigmar Sigurðsson.

Ferðin var eins og fram hefur komið gerð út í bláinn og eins og svo oft vill verða um slíkar ferðir, engri annari lík. Því get ég heilshugar tekið undir með Birgi þegar hann sagði: "Ég hef farið margar ferðir um þennan jökul og þetta er ein af þeim allra bestu". \JEÍ.

## ÁRSHÁTÍÐ

Afmælisárshátíð JÖRFI 1990 verður haldin hátíðleg laugardaginn 3. nóvember n.k. í

### Átthagasal, Hótel Sögu

Húsið opnar kl. 19:00. Borðhald hefst kl. 20:00. Miðar verða seldir hjá Valda rakara, Rakarastofunni Dalbraut 1 og hjá Jóni Sveinssyni á Raunvísindastofnun.